

## Samstarf Tröllaborgar og Grunnskólans austan-Vatna á Hofsósi

### Markmið:

- Að skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- Að brúa bilið á milli skólastiga og auðvelða börnunum að hefja nám á nýju skólastigi.

### Leiðir:

- Samskipti og samvinna í námi og kennslu.
- Samráðsfundur við skólaskipti.
- Samráðsfundur að hausti.
- Sameiginlegir viðburðir.

### Ávinningur:

- Leikskólabörnin læra að þekkja húsnæði grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst kennurum grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst nemendum grunnskólans.
- Þessi samskipti auðvelða leikskólabörnunum að byrja í grunnskólanum.
- Grunnskólabörnin halda tengingu við kennara og nemendur leikskólans.
- Félagsleg tengsl skapast milli ólíkra aldurhópa.
- Samskipti kennara beggja skólastiga aukast og þar með skilningur á því starfi sem fram fer í hvorri stofnun fyrir sig.

## Samskipti og samvinna í námi og kennslu

### Íþróttir

Elsti árgangur nemenda leikskólans fer með yngstu nemendum grunnskólans í íþróttir einu sinni í viku u.þ.b. hálfan veturinn, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Starfsmaður frá leikskólanum fylgir nemendum í íþróttatímana nema annað sé ákveðið.

Umsjón: Íþróttakennari grunnskólans og deildarstjóri leikskólans

### Skólaheimsókn á vorönn

Elsta árgangur leikskólans mætir vikulega í einn tíma með yngstu nemendum grunnskólans í sex vikur. Þar taka nemendur leikskólans þátt í vinnu yngstu deildar grunnskólans. Einnig fá leikskólanemendurnir að taka þátt í þemadögum að vori

með 1. – 7. bekk. Þá mæta þau í skólann að morgni og taka þátt í öllu sem fram fer, líka frímínútum og matartímum.

Umsjón: Umsjónakennari yngstu deildar grunnskólans og deildarstjóri leikskólans.

### Leikur í leikskólanum

Yngsta deild grunnskólans komur í heimsókn í leikskólann að hausti.

Umsjón: Umsjónakennari yngstu deildar grunnskólans og deildarstjóri leikskólans.

### Vinakaffi

Leikskólanemendum er boðið sérstaklega í heimsókn í vinakaffi. Einnig taka nemendur leikskólans þátt í skróðgöngunni.

Umsjón: Grunnskólinn

## Samráðsfundur við skólaskipti

Haldinn er skilafundur þar sem gerð er grein fyrir stöður hvers nemanda áður en grunnskólaganga hefst. Eru stjórnendur leik- og grunnskólans, ábyrgir fyrir því að til fundarins sé boðað. Fundinn sitja deildarstjóri leikskólans og væntanlegur umsjónarkennari. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum. Einnig eru í einhverjum tilvikum foreldrar hafðir með fundinum.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- Umsagnarblöð leikskólans
- Niðurstöður úr Hljóm2
- Matslistar Gerd Strand
- Ferilbók – Vörður á leið til læsis
- Greiningar einstakra barna ef til eru
- Upplýsingar frá Heilsugæslu þar sem það á við

Umsjón: Skólastjórar bera ábyrgð á að til þessa fundar sé boðað.

## Samráðsfundur að hausti

Samráðsfundur að hausti þar sem farið er yfir samstarfið og heimsóknir skipulagðar.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- Samsetning barnahópsins
- Stundarskrár

Umsjón: Skólastjórar bera ábyrgð á að til þessa fundar sé boðað.

## Sameiginlegir viðburðir

### Árshátíð

Elstu nemendum leikskólans boðið á generalprufu fyrir árshátíð. Þetta geta verið einn, tveir eða þrír árgangar allt eftir samsetningu barnahópsins

Umsjón: Kennarar í grunnskólanum.

### Danssýning

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dans fyrir foreldra og aðra gesti.

Umsjón: Skólastjórnendur í samráði við danskennara

### Umhverfisdagur – grænfánahátíð

Við erum skólar á grænni grein og störfum saman að markmiðum grænfánans.

Umsjón: Umhverfisnefndin